



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 14. febrúar 2023

Staðsetning fundar: Verkís Ofanleiti 2 og Teams

Dagsetning: þri.14.02.2023 kl. 14:00

Mætt: Íris, Sunna, Ragnar, Sirry, Anna, Áróra. Fjarverandi: Alexandra, Olga

Fundarritari: Ragnar

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fundur og fundargerð

Meirihluti stjórnar var mættur og telst því lögmætur.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Aðildafélög og starfsemi

Farið var yfir niðurstöður spurningakönnunar sem var gerð vegna markáætlunar Grænni byggðar eins og staðan er núna. 19 aðilar hafa svarað sem svarar til 1/3 allra aðila. Ásamt niðurstöðunum úr könnuninni sem gerð var árið 2021 má lesa meginatriðin varðandi þær áherslur sem eru efst á baugi meðal aðilanna.

Framkvæmdastjóri hefur bókað sal á Miðgarði við Hlemm og gengið frá matseðli til að velja úr. Ætlunin er að senda út dagskrá aðilafundarins með valkönnun af matseðli og að hvetja aðila til þess að taka þátt í spurningakönnuninni. Gert er ráð fyrir að öllum svörum verði lokið 1. mars og þá gefst tími til að vinna niðurstöður úr svarkönnuninni sem hægt er að senda á aðila til kynningar.

Farið var yfir dagskrártillögu RÓ og ákveðið að fella út umræður um tillögur að lagabreytingum sem leggja á fyrir aðalfund. Lagabreytingarnar eru umfangsmiklar og umræða um þær myndu mögulega draga athyglina frá markáætluninni.

Farið var yfir greiningu á þeim lagabreytingum sem þarf að gera. Breytingarnar beinast fyrst og fremst að því að aðlaga lagaumgjörð félagsins að breyttum rekstri með tilkomu fleiri starfsmanna og ábyrgð á vinnslu rannsóknarverkefna. Að mati RÓ þarf að gera minnst 5 breytingar á lögnum. Talsverðar umræður spunnust um tillögurnar og verður tekið tillit til þeirra við endanlega úrvinnslu á lagatillögnum og gerð grein fyrir niðurstöðu til stjórnar á næsta stjórnarfundum.



Rætt var um aðildargjöld félagsins sem síðast voru hækkuð árið 2018. Þykir stjórn vera kominn tími á að hækka gjöldin í samræmi við verðlagsþróun. Samkvæmt lögum félagsins þarf að leggja fram tillögu að nýjum aðildargjöldum á aðalfundi sem jafnan er haldinn í apríl á hverju ári. Í lögnum er einnig ákvæði um að aðildarfélög skuli greiða aðildargjöld fyrir 1. mars hvert ár. Þetta þykir stjórninni ekki vera rökrétt framvinda. Eðlilegra væri að aðildargjöld hvers árs skuli greidd strax eftir að breytingar á gjöldunum hafa verið gerðar. Stjórnin mun því leggja til að gerðar verði breytingar á lögnum á þann veg að stjórninni verði falið að gera breytingar á aðildargjöldum í samræmi við verðlagsþróun og að tilkynna aðildargjöld í upphafi hvers starfs- og reikningsárs (1. janúar). Ef sú lagabreyting verður ekki samþykkt á komandi aðalfundi, þarf stjórnin að hafa til reiðu tillögu að breyttum aðildargjöldum til að leggja fyrir aðalfundinn.

Rætt var stuttlega um tillögu að siðareglum Grænni byggðar. Gert er ráð fyrir að þær verði lagðar fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Rætt var aftur félagatal og kynningarstarf félagsins, og verður það tekið upp á næsta fundi stjórnar.

3. Verkefni félagsins

Eins og fram kom á síðasta fundi er verið að útbúa erindi til EEA Grants þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við verkefnastjórn Polish National Fund for Environmental Protection and Water Management á CIRCON verkefninu. Vonast er til þess að greitt verði úr vandamálum varðandi ógreiddan kostnað Grænni byggðar með aðkomu EEA Grants. Eins og staðan er núna hefur Grænni byggð þurft að standa undir öllum útlögðum kostnaði vegna verkefnisins frá upphafi þess. Gert er ráð fyrir að erindið verði sent í þessari viku.

4. Starfsemi félagsins

Til landsins eru væntanlegir tveir erlendir sérfræðingar í sjálfbærni mannvirkja sem munu halda erindi á sitt hvoru sjálfbærnisviðinu. Sú hugmynd hefur kviknað að fá þessa sérfræðinga til þess að halda erindi á lokuðum fundum aðildarféлага.

Pia Öhring er reynslumikil og sérfróð um sjálfbærnivottanir mannvirkja í Svíþjóð og hefur séð um slíkar vottanir frá BREEAM, LEED og Miljöbyggnad. Hún hefur um árabil tekið þátt í starfsemi SGBC og er stofnandi þíacon ab sem veitir ráðgjöf um sjálfbærni í mannvirkjagerð. Pia verður á landinu í byrjun maímánaðar.

Jakob Sandell Sørensen er danskur landslagsarkitekt og er einn af eigendum Schonherr sem veitir ráðgjöf og hönnun á sviði skipulags- og landslagshönnunar. Jakob hefur sérhæft sig í ráðgjöf og hönnun á hringrás í borgarskipulagi og landslagi. Jakob verður á Íslandi í byrjun september.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.50. Næsti stjórnarfundur er boðaður 14. mars. Staðsetning hefur ekki verið ákveðin.